



Stöðuskýrsla

Hamrar, fráveita, flatir og lagnir

Fráveituframkvæmdum frá Wilhelmínugötu að Hömrum og inná nýju flatir er að fullu lokið og aðeins tengingar við salernishús eftir þegar ákvörðun hefur verið tekin um hvernig það verður leyst. (gámar eða bygging húss) Einnig voru allar eldri fráveitulagnir svæðisins mældar inn og eru komnar í kortagrunn. Heitt og kalt vatn ásamt ljósleiðara var lagt frá hlöðunni á Hömrum að staðsetningu þjónustuhúss sem flytja á frá Þórunnarstræti og þaðan að verðandi staðsetningu salernishúss samtals um 150 metra.

Í verkinu voru teknar upp 5 rotprær sem auglýstar hafa verið til sölu. Sú minnsta sem var 3.400 lítra seld seld. Ekki er búið að selja hinar 4 sem eru 20.000 lítra en töluverð eftirspurn hefur verið eftir þeim.

Jarðvegsskipti voru höfð á nýjum aðkomuvegi að flötunum og einnig vegi innan svæðis samtals um 500 metrar. Þá voru höfð jarðvegsskipti á bifreiðastæði sem er um 1.800 m² og undir þjónustuhúsið sorpskýli og verðandi salernisaðstöðu inn á svæðinu samtals um 160 m²

Vegna bleytu á svæðinu sunnanverðu var nauðsynlegt að leggja 170 metra langt drenrör

Verðandi flatirnar sjálfar þá hefur ekki tekist að fá nægjanlegt magn af mold á austustu flötina svo hægt sé að sá í hana en von er á mold úr síðasta grunni Hagahverfis. Það breytir í sjálfu sér engu því hún er hugsuð sem varafliót. Efri tvær flatirnar væri hægt að taka í notkun seinni part sumars 2022 eða í byrjun sumars 2023 ef salernisaðstaða verður komin á svæðið.



Nýr aðkomuvegur

Aðkoma og flatir



Framkvæmdir sem eftir eru við nýju flatirnar á Hömrum

Varðandi rafmagnsmál þá er ljóst að setja þarf upp dreifistöð á nýju flatirnar (500 KVA) og endurnýja þá eldri á gamla svæðinu eins fljótt og hægt er því spennirinn (300 KVA) er á mörkum þess að geta annað núverandi þörf. Sjá nánar minnisblað frá Eflu verkfræðistofu sem unnin var í samstarfi við Akureyrarbæ og Norðurorku Breyta þarf deiliskipulagi vegna nýrrar dreifistöðvar á nýju flötum og tilfærslu eldri dreifistöðvar á gömlu flötum ásamt öðrum smávægilegum breytingum á skipulaginu. (talið vera minniháttar breyting á deiliskipulagi)

Tengingar og plæing rafstrengja innan nýju flata (skátar sjá um póstana)

Salernishús/gámur á svæðið

Tengingar á köldu og heitu vatni inn í hlöðu ásamt ljósleiðara

Yfirborðsefni á aðkomuveg, bifreiðastæði, undir þjónustuhús, væntanlega salernisaðstöðu og vegi inn á svæðinu. (Salli eða malbik)

Flutningur þjónustuhúss frá Þórunnarstræti á nýju flatir


Lokafrágangur á austustu flöt ásamt fyllingum og frágangi meðfram aðkomuvegi og við bifreiðastæði

Lýsing á aðkomu, bifreiðastæði, þjónustuhús og salerni

Leiktæki (nota tækin á Þórunnarstræti til að byrja með)

Tenging Kjarnastekks við fráveitukerfið á Hömrum

Grófa áætlun á þessum kostnaði má sjá neðar í þessu minnisblaði og kostnað við nýja dreifistöð á sér minnisblaði



Skipulag nýju flata



Lokaniðurstaða 2021

Hamrar flatir

Hamrar fráveita

Hönnun		Hönnun	
Efla	4.240.730	Efla	3.067.903
Teiknistofa arkitekta	256.939		
Efniskaup	1.611.011	Efniskaup	9.627.060
Útýting	2.297.596		
Verktaki Þverá golf ehf	19.125.047	Verktaki Þverá golf ehf	31.627.060
Framkvæmdaleyfi	103.059		
Undirb. flutnings þjónustuhúss	51.172		
Eftirlit UMSA	1.695.000	Eftirlit UMSA	1.515.000
Samtals	29.380.554	Samtals	45.837.023
Áætlun 2021	15.000.000		65.000.000

Heild

75.217.577

Áætlað fjármagn vegna flata

2022	15.000.000
2023	10.000.000

Búið er að sækja um styrk til Umhverfi-, orku- og loftslagsráðuneytis vegna fráveituframkvæmdanna og nemur hann um 20% af heildarupphæð eða um kr. 8.8 m.kr. Huga ætti að því hvort ekki væri eðlilegt að Norðurorka greiddi hluta af fráveituframkvæmdinni.

Kostnaður vegna forskoðunar Eflu verkfræðistofu á rotþróum, lögnum, vatnsrennsli og fleira tengdu fráveitumálum á Hömrum var á árinu 2020 kr. 826.653



Eins og fyrr er greint verður þjónustuhúsið á Þórunnarstræti flutt á nýju flatirnar á Hömrum en eftir standa gömlu aðstöðuhúsin sem verða auglýst til sölu hvort sem er til niðurrifs eða flutnings.

Þá er girðing umhverfis tjaldsvæðið sem ákveða þarf hvað gera eigi við.

Áætlaður kostnaður vegna framkvæmda við nýju flatirnar á Hömrum

Heimtaugargjald, rými í dreifistöð, aðaldreifiskápur, deiliskipulagsbreyting, landnúmer, leyfisgjöld og frágangur lóðar. (Sjá minnisblað frá Eflu) 6.7 m.kr

Tengingar og plæing rafstrengja innan nýju flata (skátar sjá um póstana) 2.0 m.kr

Salernishús/gámur á svæðið 4.5 m.kr

Tengingar á köldu og heitu vatni inn í hlöðu ásamt ljósleiðara 0.5 m.kr

Yfirborðsefni á aðkomuveg, bifreiðastæði, undir þjónustuhús, væntanlega salernisaðstöðu og vegi inn á svæðinu. (Salli eða malbik) 3.0 m.kr miðað við 0-20 efni

Flutningur þjónustuhúss frá Þórunnarstræti á nýju flatir 1.0 m.kr

Lokafrágangur á austustu flöt ásamt fyllingum og frágangi meðfram aðkomuvegi og við bifreiðastæði 4.0 m.kr

Lýsing á aðkomu, bifreiðastæði, þjónustuhús og salerni 3.5 m.kr

Leiktæki (nota tækin á Þórunnarstræti til að byrja með) 1.5 m.kr


Tenging Kjarnastekks við fráveitukerfið á Hömrum 4.0 m.kr

Samtals 30.7 m.kr

Fjármagn ársins er 15 m.kr + endurgreiðsla 8.8 m.kr og mögulega flutningur eftirstöðva frá 2021 sem eru um 4.5 m.kr

Samtals 28.3 m.kr

Unnið af JBG



Tillaga að dreifistöð